

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benedikstdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Himingeimurinn - yngsta stig

| Viðfangsefni / Námsgreinar | Námsefni | Hæfniviðmið | Afurð / Námsmat | Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni |
|---|---|---|---|--|
| <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Náttúrufræði ○ Íslenska ○ Upplýsingatækni ○ Myndmennt ○ Enska | <ul style="list-style-type: none"> ○ Námsbókin <i>Komdu og skoðaðu himingeiminn</i> ○ Heimasíða út frá námsbókinni: http://vefir.nams.is/komdu/himingeimin/himing_frames.htm ○ Lagið: http://vefir.nams.is/komdu/himingeimin/leikjahug_him/reikistj.htm | <p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Áttað sig á að jörðin er hluti af stóru sólkerfi; reikistjörnum, sól og tunglum. ○ Kannist við geimferðir. ○ Aflað sér upplýsinga varðandi sólkerfið okkar. ○ Þekkt helstu einkenni reikistjarnanna í sólkerfinu. ○ Notað mismunandi heimildir við öflun upplýsinga. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p> | <ul style="list-style-type: none"> ○ Reikistjörnurnar og sólin ○ Flettibók ○ Lagið um reikistjörnurnar <p>Námsmat: Virkni og vinnusemi nemenda verður lögð til grundvallar í námsmati.</p> | <p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <p>Þátttaka í samstarfi og samræðu í jafningjahópi</p> <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p> |

Nánari útlistun á kennsluáætluninni „Himingeimurinn“.

Þetta samþætta verkefni er hugsað fyrir nemendur í þriðja til fjórða bekk. Nemendur eiga að útbúa flettibók úr kartoni um himingeiminn og einnig búa þeir til líkón af reikistjörnunum. Í lok vinnunar verður verkefið kynnt fyrir foreldra.

Þetta verkefni hentar vel til samvinnu fyrir umsjónarkennara, bókasafnskennara, myndlistarkennara og kennara í upplýsingatækni.

1. kennslustund

Kveikja: Kennari spyr nemendur hvort þeir þekki einhverjar reikistjörnur og hvað þeir viti almennt um himingeiminn. Svör nemenda eru skráð á flettistöflu. Nemendur horfa á stutt myndband af youtube um himingeiminn.

https://www.youtube.com/watch?v=6IZ9qZFJ0i8&feature=iv&annotation_id=annotation_3025583883&src_vid=h5bVZTpVxy4

Umræður um hópastarf, kennari ræðir við nemendur um hvað felst í því að vinna í hóp og að þar hafa allir ábyrgð.

Nemendum er skipt upp í hópa og hver hópur fær eina reikistjörnu til að vinna með. Heppileg hópastærð er 3-4 í hverjum hópi, fer eftir fjölda nemenda í bekk.

2. kennslustund

Nemendur eiga að afla sér upplýsinga úr bókum af bókasafni og einnig af vefnum um reikistjörnuna sína undir handleiðslu kennara. Hálfur bekkurinn fer á bókasafnið og vinnur undir leiðsögn bókasafnskennara meðan hinn helmingurinn fer í tölvur.

Kennarinn sem sér um upplýsingatækni hefur umsjón með því. Hann sýnir nemendum hvernig hægt er að finna ýmsar upplýsinga á netinu um himingeiminn. Þegar tíminn er hálfnaður þá er skipt, nemendur sem voru á bókasafni fara í tölvur og öfugt. Umsjónarkennari aðstoðar þar sem þarf.

Námsgögn: flettitafla/tússtafla, skriffæri kennara, bókasafn, tölvur.

3. kennslustund

Nemendur halda áfram að afla sér gagna um reikistjörnuna sína og fá nú blað hjá kennara þar sem fram kemur hvaða upplýsingar þurfi að vera til staðar (sjá fylgiskjal). Nemendur fá lituð blöð sem þeir eiga að vinna á. Val er um hvort nemendur handskrifi upplýsingarnar eða vinni efnið í tölvu og prenti út og lími svo textann sinn á lituð blöð. Nemendur fara eftir leiðbeiningunum á upplýsingablaðinu (sjá fylgiskjal).

Námsgögn: mislit blöð, skriffæri og litir, tölvur, skæri og lím

4. kennslustund

Áframhaldandi vinna við gagnaöflun og úrvinnslu. Nemendur fá lituð karton og búa sér til flettibók. Þeir fá verklýsingu frá kennara um hvað á að vera á hverri síðu í bókinni (sjá fylgiskjal).

5. kennslustund

Kennari sem kennir ensku sér um þennan tíma. Í tímanum eru skoðaðar myndir á vef af geimförum, geimstöðvum, geimskotum, reikistjörnum og fleiru. Nemendur og kennari syngja saman sólkerfissönginn á ensku og fara yfir textann. Hér má sjá lagið ásamt texta: <https://www.youtube.com/watch?v=F2prtmPEjOc>

<https://www.youtube.com/watch?v=SGP6Y0Pnhe4>

<https://www.youtube.com/watch?v=OnoNITE-CLc>

6.-9. kennslustund

Nemendur útbúa reikistjörnur úr pappamassa og blöðrum í myndmenntarstofu í myndmenntartíma. Kennarinn aðstoðar nemendur við að blása í blöðurnar svo samræmi verði í stærð reikistjarnanna. Einnig verður máluð stór sól á maskínupappír og hún klippt út. Hægt er að hengja listaverkin upp, til dæmis í bekkjarstofu nemenda. Sá hópur sem klárar reikistjörnu sína fyrstur sér um að útbúa sólina á maskínupappír.

Námsgögn: blöðrur, dagblöð, veggfóðurslím, málning, penslar og bönd til að hengja upp reikistjörnurnar

10.-13. kennslustund

Nemendur halda áfram að vinna í flettibókinni samkvæmt verklýsingu (sjá fylgiskjal) og íslenska lagið um reikistjörnurnar æft og sungið.

Linkur á lagið um reikistjörnurnar:

http://vefir.nams.is/komdu/himingeiminn/leikjahug_him/reikistj.html

Textinn er sunginn við þetta lag: <https://www.youtube.com/watch?v=4tIsXLYZcWI>

14.-16. kennslustund

Undirbúningur fyrir foreldraheimsókn. Hver hópur æfir sig í að lesa upp úr flettibókunum og kynna þannig sína reikistjörnu. Kennarinn aðstoðar nemendur við að skipta á milli sín hvað hver og einn nemenadi á að lesa. Einnig æfa þeir reikistjörnulagið. Hægt væri að hafa æfingu fyrir foreldraheimsóknina og bjóða til dæmis yngri nemendum að koma og horfa á.

Í lok þessarar vinnu er foreldrum boðið í skólann og þá kynna nemendur sólkerfið og sýna þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi.

Heimildir:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjöl - Verklýsing á flettibók um reikistjörnur:

Forsíða: Mynd og nafn á reikistjörnu.

Síða 1:

- o Upplýsingar um stærð reikistjörnu.
- o Hvar í röðinni frá sólinni er reikistjarnan?
- o Tungl reikistjörnnunnar.
- o Úr hverju er reikistjarnan?
- o Muna að myndskreyta blaðsíðuna.

Síða 2:

- o Hvað er reikistjarnan lengi að fara í kringum sjálfa sig?
- o Hvað er reikistjarnan lengi að fara í kringum sólina?
- o Eitthvað annað merkilegt sem þú vilt taka fram um reikistjörnuna.
- o Muna að myndskreyta blaðsíðuna.

Síða 3:

- o Myndskreyting: Geimflaugar og geimfarar og annað sem þér dettur í hug.

Síða 4:

- o Heimildir: Í hvaða bókum og vefsíðum fékkst þú upplýsingarnar? Skrifa nafnið á öllum bókunum og þeim vefsíðum sem þú notar.
- o Myndskreyta.

Baksíða:

- o Gerðu mynd af sólkerfinu og merktu reikistjörnurnar með nafni.

Sýnishorn af verkefni:

Myndir frá vettvangsnámi úr Fossvogsskóla tekna á fyrsta ári kennaranáms

